



Heilbrigðisnefnd Alþingis
Alþingi við Austurvöll
101 Reykjavík

Reykjavík 19. maí 2010

Umsögn um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 44/2002, um geislavarnir, með síðari breytingum.


Þskj. 933 - 543. mál.

Með þessu frv. er lagt til að afnot unglunga yngri en 18 ára af ljósabekkjum verði þeim óheimil. Ástæðan er skýr og vel gerð grein fyrir henni í greinargerð með frv.

Tíðni húðkrabbameins hefur aukist mikið á síðustu áratugum, einkum tíðni sortuæxla. Þau eru alvarlegasta tegund húðkrabbameins og algengasta tegund krabbameins hjá konum á aldrinum frá 15 til 34 ára. Árlegt aldurstaðlað nýgengi sortuæxla hefur tífaldast hér á landi á s.l. 50 árum, þó örlítið hafi dregið úr meðal kvenna hin allrasíðustu ár. Samkvæmt upplýsingum frá Krabbameinsskránni greinast að meðaltali 50 manns á ári með sortuæxli í húð og níu manns deyja.

Miklar líkur eru á að þessi aukning tengist vaxandi áhuga Íslendinga á sól og ljósabekkjum. Börn og unglingar eru næmari en aðrir fyrir skaðlegum áhrifum geislunar frá ljósabekkjum og sól. Því eru mjög sterk lýðheilsurök fyrir því banni sem lagt er til með frv. Rökin eru hliðstæð þeim sem færð hafa verið fyrir notkun öryggisbelta, takmörkun hraðaksturs, og aksturs undir áhrifum áfengis.

Því er eindregið lagt til að frv. nái fram að ganga.


Sigurður Guðmundsson

forseti heilbrigðisvísindasviðs HÍ